

Þórarinn Bjarnason
Þykkvabær I
880 Kirkjubæjarklaustur

2006040032
8509; 9310

Reykjavík, 30. maí 2006
/--

Efni: Vatnsstjórnunarframkvæmdir við Árkvíslar í Skaftárhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Þórarins Bjarnasonar, Þykkvabæ I dags. 7. apríl 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um vatnsstjórnunarframkvæmd við Árkvíslar í Eldhraun, Skaftárhreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits hjá Skaftárhreppi, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisstofnun, Vegagerð ríkisins og Landbúnaðarstofnun.

Umsagnir bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 26. apríl 2006, Landgræðslu ríkisins með tölvupósti mótttekinn 30. maí 2006, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 11. apríl 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. apríl 2006 og Vegagerðinni með tölvupósti dags. 11. apríl 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða aðgerðir sem lúta að rennslisstýringu við útfall Árkvísla úr Skaftá og stjórnun vatnsveitingar í Eldhraun m.a. vegna lágrar vatnsstöðu í Landbroti og Meðallandi og vatnspurrðar í Tungulæk og Grenlæk. Við útfall Árkvísla eru þrjú rör og felast fyrirhugaðar aðgerðir í því að opnað verði á nýjan leik tímabundið fyrir rennsli um þriðja rörið eða fram til 20. júní 2006.

Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 21. mars 2005 að tímabundin opnun 3. rörsins fram til 20. júní 2005 væri ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tilkynningu Þórarins Bjarnasonar reyndist sú aðgerð vel.

Fram kemur að með þeirri stjórnun sem hafi verið á tilraunátímanum, frá maí árið 2000 til 13.

nóvember 2004, hafi vatnsstaða og rennsli Grenlækjar og Eldvatns aldrei farið niður fyrir þau mörk að lífríki lækjanna væri stefnt í hættu. Ennfremur hafi neysluvatn og vatn til raforkuframleiðslu heimarafstöðva verið nægjanlegt.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Skaftárhrepps, Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Skaftárhrepps kemur fram að sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsi sig samþykka framkominni beiðni um aukna opnun á rennislísgáttum við útfall Árkvísla, þ.e. að hafa öll þrjú rör opin fram í júní mánuð næstkomandi og sé sveitarstjórn tilbúin að taka að sér að hafa eftirlit með og tryggja að lokustýringum á mannvirkjum við útfall Árkvísla á komandi vori verði háttáð með þeim hætti, sem Skipulagsstofnun mælir fyrir um.

Í umsögn Landbúnaðarstofnunar kemur fram að æskilegt sé að fram fari rannsóknir á því hvort hægt sé að koma á reglubundinni vöktun og jafnvel stikum eða mælitækjum við Tungulæk og Grenlæk til að finna nauðsynleg viðmið varðandi það, hvenær þörf sé á opnun þriðja rörsins.

Í umsögn Landgræslu ríkisins kemur fram að í kjölfar opunar þriðja rörsins vorið 2005 hafi áveituvatn brotið sér leið í gegn um varnargarða Vegagerðarinnar og flæmst til vesturs og suðvesturs. Áveituvatnið hafi borið með sér sand og jökulleir yfir á land Svínadals og Múla með miklum gróðurskemmdum ásamt skemmdum á opinberum mannvirkjum og hafi sá skaði enn ekki verið bættur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að það mat stofnunarinnar að ekki sé um matsskylda framkvæmd að ræða eigi aðeins við þar sem þriðja rörið verði ekki opið lengur en til 20. júní 2006 og að ekki verði farið í neinar aðrar framkvæmdir þessu samfara. Umhverfisstofnun byggir skoðun sína á því að hér sé um vetrarvatn að ræða og því lítil aurframburður í ánni. Þessi afstaða Umhverfisstofnunar sé miðuð við venjulegar aðstæður og ítreki stofnunin að tryggja verði að rörinu verði lokað 20. júní. Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að engar upplýsingar fylgja sem skýra út hvers vegna nauðsynlegt sé að opna þriðja rörið núna m.a. vegna nýlegs hlaups í Skaftá og telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að skoða framangreindar aðgerðir í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa og áskilur stofnunin sér rétt til að endurmeta afstöðu sína til vatnsveitinga inn á Eldhraun þegar frekari gögn liggja fyrir í málinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða vatnsstjórnunarframkvæmdir við útfall Árkvísla í Skaftárhreppi sem felast í því að opnað verður á ný fyrir þriðja rörið við útfallið, sem er um 2 m svert, til að auka rennsli tímabundið en lokað verður á ný fyrir það 20. júní 2006. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fjögurra ára tilraunatímabil vatnsveitu og rennislístyringaraðgerða hófst í nóvember 2000 með því að opnað var fyrir þriðja rörið við útfall Árkvísla úr Skaftá og lauk þessu tímabili í nóvember 2004. Á tímabilinu var sá háttur hafður á að opnað var fyrir rennsli um rörið 20. október og lokað

fyrir rennsli um það 20. júní ár hvert.

Í bréfi Skipulagsstofnunar til sveitarstjóra Skaftárhrepps dags. 1. október 2004 kom fram að frekari stjórnun í Eldhraun við útfall Árkvísla, þ.e. veita og stýring umfram tvö opin rör, eftir 13. nóvember 2004 sé tilkynningarskyld framkvæmd samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Með bréfi dags. 17. mars 2005 tilkynnti Þórarinn Bjarnason áform um að opna fyrir þriðja rörið tímabundið eða til 20. júní 2005 og með því yrði freistað að ná þeirri vatnsstöðu og rennsli sem verið hefði á tilraunatímabilinu frá 2000-2004.

Skipulagsstofnun tók ákvörðun dags. 21. mars 2005 að tímabundin opnun 3. rörsins fram til 20. júní 2005 væri ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt kom fram í ákvörðuninni að veita og stýring umfram tvö opin rör eftir þessa tímabundnu framkvæmd sem nú hafi verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu væri tilkynningarskyld framkvæmd samkvæmt 6. gr. og lið 10 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrirhugaðar vatnsstjórnunarframkvæmdir ná til um þriggja vikna tímabils þar sem fyrirhugað er að auka rennsli við útfall Árkvísla úr Skaftá með opnun þriðja rörsins. Í ljósi nýafstaðins hlaups í Skaftá og neikvæðra áhrif þess á Eldhraunið og gróðurlendi telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð aðgerð komi ekki til með að hafa verulega neikvæð áhrif í för með sér á hraunið og gróðurlendi þess umfram þau áhrif sem hlapið hefur valdið. Fyrir liggur að Skaftárhreppur hefur lýst sig reiðubúinn til að taka að sér eftirlit með og tryggja lokun 3. rörsins við útfall Árkvísla þann 20. júní nk. Stofnunin telur eðlilegt að Vegagerðin verði fengin til þess að opna fyrir rennslið og loka rennsli um rörið aftur 20. júní 2006.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að tímabundnar vatnsstjórnunarframkvæmdir við útfall Árkvísla í Eldhraun í Skaftárhreppi fram til 20. júní 2006 séu ekki líklegar til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skaftárhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun bendir á að þetta er í annað sinn á jafnmörgum árum sem stofnunin tekur ákvörðun um matsskyldu aðgerða við opnun þriðja rörsins við útfall Árkvísla. Stofnunin telur brýnt að þegar til lengri tíma er litið verði fundin lausn á fyrirkomulagi við vatnsstjórnun við útfall Árkvísla og mun í því skyni boða til fundar með hagsmunaaðilum haustið 2006.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júní 2006.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skaftárhreppur, Landgræðsla ríkisins, Sveinn Runólfsson, Umhverfisstofnun, Vegagerð ríkisins, Helgi Jóhannesson og veiðimálastjóri.